

## REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 831/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum til manneldis.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi:

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/366 frá 5. mars 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Evrópusambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. mars 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/366**

frá 5. mars 2019

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Evrópusambandsins

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértekar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Sambandsins á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, og sett fram skrá yfir þriðju lönd þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 er sett fram skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra sem hefur verið heimilað að flytja sendingar af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Sambandsins og upplýsingar um þá tegund meðhöndlunar sem krafist er fyrir sílikar vörur.
- 3) Japan fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá leyfi til að flytja hrámjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir, að stofni til úr broddi, sem hafa fengið ósérteka meðhöndlun, út til Sambandsins. Út frá sjónarmiði dýraheilbrigðois er Japan þriðja land sem Alþjóðaþýraheilbrigðisstofnunin hefur skráð sem land sem er laust við gin- og klaufaveiki, þar sem bólusetning á sér ekki stað, og það uppfyllir því dýraheilbrigðiskröfur Sambandsins vegna innflutnings.
- 4) Framkvæmdastjórnin annaðist nýlega heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í Japan. Þetta eftirlit sýndi fram á að lögbært yfirvald í Japan veitir viðeigandi ábyrgðir að því er varðar fylgni við dýraheilbrigðiskröfur vegna innflutnings sem kveðið er á um í tilskipun 2002/99/EB.
- 5) Í ljósi viðeigandi ábyrgða, sem lögbært yfirvald í Japan veitir, og hagstæðrar stöðu í dýraheilbrigðismálum, að því er varðar gin- og klaufaveiki, er rétt að skrá Japan í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010. Þessi viðbót við skrána í I. viðauka ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar sem leiða af öðrum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, sem varða innflutning á afurðum úr dýraríkinu inn til Sambandsins og setningu þeirra á markað Sambandsins, einkum þau sem varða skráningu starfsstöðva skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 605/2010 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni um Ísland:

“

JP	Japan	+	+	+
----	-------	---	---	---

“

<sup>(1)</sup> Stjórd. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.<sup>(2)</sup> Stjórd. EB L 139, 30.4.2004, bls. 206.<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum til manneldis (Stjórd. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

Nr. 269

18. mars 2019

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

*Jean-Claude JUNCKER*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2019